

strengir togbátsins Tálknfirðings, BA 325, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar. Dóm þenna kváðu upp Jóhann Skaptason, settur sýslumaður, og með-dómsmennirnir Árni Gunnar Þorsteinsson póstafrgreiðslumaður og Gísli Bjarnason fyrrverandi skipstjóri.

#### Dómsorð:

Ákærði, Jakob Vigtýr Leó Ólafsson, greiði 7400.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir togstrengir togbátsins Tálknfirðings, BA 325, skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 8. febrúar 1957.

Nr. 42/1956: **Efnalaug Hafnarfjarðar h/f**  
(Ragnar Ólafsson hrl.)  
gegn  
**Jóni Guðmundssyni**  
(Sigurður Reynir Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vöntun umboðs til að skuldbinda fyrirtæki með áritun samþykkis á vixil.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. marz 1956. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Gegn andmælum áfrýjanda hafa ekki verið færðar á það sönnur, að Georg Hólm, er samþykkti víxil þann f. h. áfrýjanda, sem stefnt er út af, hafi haft umboð til að skuldbinda áfrýjanda á þenna hátt. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda, er greiði honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

#### Dómsorð:

Áfrýjandi, Efnalaug Hafnarfjarðar h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Jóns Guðmundssonar í máli þessu, og greiði stefndi áfrýjanda kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. janúar 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefir Jón Guðmundsson, Njálsgötu 40 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 27. janúar 1955, gegn Efnalaug Hafnarfjarðar h. f., Hafnarfirði, og Emanúel Morthens, Skipasundi 56 hér í bænum, aðallega, en til vara gegn Emanúel Morthens og Georg Hólm, Vitastíg 7, Hafnarfirði, til greiðslu in solidum á víxilskuld, að fjárhæð kr. 16.025.00 með 7% ársvöxtum frá 16. desember 1954 til greiðsludags, kr. 116.00 í afsagnarkostnað, kr. 40.40 í stimpilkostnað, 1/3% víxilfjárhæðarinnar í þóknun og málskostnaði að mati dómarans svo og 7% ársvöxtum af málskostnaðarfjárhæð frá dómsbirtingardegi til greiðsludags.

Stefndi Efnalaug Hafnarfjarðar h. f. hefir krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Stefndi Emanúel Morthens hefur ekki sótt þing í málinu.

Varastefndi Georg Hólm hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara sýknu og að málskostnaður falli þá niður.

Framangreindur víxill er útgefinn af stefnda Emanúel Morthens 16. nóvember 1954 og samþykktur til greiðslu af varastefnda Georg Hólmi f. h. Efnalaugar Hafnarfjarðar h.f. hinn 16. desember 1954.

Víxillinn var afsagður sökum greiðslufalls hinn 18. desember 1954.

Stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með eyðuframsali til sín svo og afsagnargjörð, og byggir hann kröfur sínar á því.

Aðalstefndi Efnalaug Hafnarfjarðar h. f. byggir sýknukröfu sína á því, að Georg Hólm hafi ekki haft umboð til að samþykkja hinn umstefnda víxil. Hann hafi verið framkvæmdastjóri fyrirtækisins, en ekki prókúristi og gat því ekki skuldbundið fyrirtækið. Enn fremur hafi Georg Hólm, er hann samþykkti hinn umstefnda víxil, verið að greiða eldri víxil, sem kominn var í vanskil, en á þeim víxli hafi Georg Hólm verið skuldari persónulega.

Varastefndi Georg Hólm byggir kröfur sínar á því, að hann hafi haft umboð til að samþykkja víxla fyrir hönd fyrirtækisins, svo skuldbindandi væri fyrir það, enda hafi hann margoft gert slíkt án nokkurra athugasemda, hvorki frá fyrirtækinu sjálfu né viðskiptamönnum.

Stefán Guðjón Sigurðsson, formaður Efnalaugar Hafnarfjarðar h. f., hefir skýrt svo frá fyrir dómi, að Georg Hólm hafi verið framkvæmdastjóri fyrirtækisins, en hafi aldrei haft prókúrumboð. Með bréfi til hlutafélagaskrár Hafnarfjarðar, dags. 5. janúar 1954, birtri 22. janúar, hafi verið tilkynnt, að Georg Hólm væri genginn úr hlutafélaginu Efnalaug Hafnarfjarðar. Georg Hólm hafi haft fjárreiður félagsins árið 1954, þar til hann hætti störfum hinn 4. desember 1954. Stefán kvaðst vera kunnugt um, að Georg Hólm hafi samþykkt víxla fyrir hönd fyrirtækisins, en það hafi Georg gert að honum fornspurðum. Kvaðst Stefán hafa bent Georg á, að honum væri það óheimilt, en Georg ekki látið sér segjast, og engar ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir það. Stefán kvaðst hafa rekizt á víxil í skjölum fyrirtækisins, eftir að Georg hafi hætt störfum, að fjárhæð kr. 15.000.00, útgefinn 5. október 1954 og samþykktan til greiðslu af Georg 5. nóvember 1954. Kvaðst Stefán hafa átt tal við Georg út af þessu, og hann þá tjáð honum, að víxillinn tilheyrði sér persónulega. Kvaðst Stefán telja hinn umstefnda víxil vera framlengingarvíxil fyrrgreinds víxils og byggir það álit sitt á fjárhæðum og dagsetningum víxlanna.

Í málinu hafa verið lögð fram vottorð frá Vélsmiðju Hafnarfjarðar h.f. og Þorsteini Bergmann heildsala, þess efnis, að víxlum, samþykktum af Georg Hólm f. h. Efnalaugar Hafnarfjarðar h. f., hafi fyrirtæki þeirra tekið við sem greiðslu vegna viðskipta þeirra við Efnalaug Hafnarfjarðar h. f. og framselt þá án nokkurra athugasemda.

Kvað Stefán Sigurðsson fyrir dómi, að vottorð þessi væru rétt.

Stefndi Emanúel Morthens hefir komið fyrir dóm. Kvaðst hann ekki mundu taka til varna í málinu. Hann kvað Georg Hólm hafa tjáð sér, að hann hefði prókúruumboð fyrir Efnalaug Hafnarfjarðar h.f. jafnframt því að vera framkvæmdastjóri, og hafi hann gefið út víxilinn í trausti þess. Emanúel kvaðst áður hafa keypt gufuketil af Efnalaug Hafnarfjarðar h.f. og þá átt tal við Stefán Sigurðsson, sem hafi tjáð sér, að Georg Hólm væri framkvæmdastjóri fyrirtækisins og sæi um þau kaup að öllu leyti.

Stefndi Georg Hólm hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi hætt störfum hjá Efnalaug Hafnarfjarðar h. f. um miðjan desember 1954. Kvaðst hann hafa haft prókúruumboð fyrir fyrirtækið, en kvaðst ekki geta fullyrt, hvort það hefði verið tilkynnt til skráningar. Georg kvaðst hafa samþykkt hinn umstefnda víxil fyrir hönd Efnalaugarinnar vegna lántöku fyrir fyrirtækið, sem varið var til greiðslu á vinnulaunum o. fl. Georg kvaðst hafa haft fjárreiður fyrirtækisins á hendi að minnsta kosti síðustu þrjú ár starfstíma síns og kvaðst minna, að hann hefði haft prókúruumboð um svipaðan tíma, og hafi honum verið veitt prókúruumboð á stjórnarfundum í fyrirtækinu. Georg kvað Stefán Sigurðsson aldrei hafa haft orð á því, að sér væri óheimilt að samþykkja víxla fyrir hönd fyrirtækisins.

Eins og hér að framan hefir verið rakið, var stefndi Georg Hólm framkvæmdastjóri stefnds fyrirtækis, þegar umstefndur víxill var samþykktur, en ekki er upplýst, að prókúruumboð honum til handa hafi verið tilkynnt. Eins og fram kemur í málinu, hefur Georg Hólm samþykkt víxla fyrir hönd fyrirtækisins, og hefur verið tekið við þeim víxlum af viðskiptamönnum fyrirtækisins án nokkurs fyrirvara. Enn fremur hefur slíkt verið látið viðgangast af stjórn fyrirtækisins, og eins hafa slíkir víxlar verið framlengdir, eftir að Georg Hólm lét af starfi hjá fyrirtækinu.

Þykir því verða að telja, að stjórn fyrirtækisins hafi með því samþykkt þær skuldbindingar, sem Georg Hólm gerði fyrir hönd fyrirtækisins, og þar sem ekki þykir annað sannað í málinu en að umstefndur víxill hafi verið samþykktur vegna fyrirtækisins, þykir bera að telja það skuldbundið samkvæmt honum.

Samkvæmt þessu verður aðalkrafa stefnanda tekin til greina og Efnalaug Hafnarfjarðar h. f. og Emanúel Morthens in solidum dæmdir til greiðslu hinna stefndu fjárhæða, enda hefur stefndi Emanúel lýst yfir því fyrir dómi, að hann hefði ekki uppi varnir í málinu.

Þá ber og að dæma aðalstefndu til greiðslu málskostnaðar, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1735.00. Stefnandi gerði kröfu um greiðslu vaxta af málskostnaðarfjárhæðinni frá birtingardegi dóms til greiðsludags, en hefur síðan fallið frá þeirri kröfu.

Ekki þykja efni standa til að dæma varastefnda málskostnað í máli þessu.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

#### Dómsorð:

Stefndu, Efnalaug Hafnarfjarðar h. f. og Emanúel Morthens, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan stefnanda, Jóni Guðmundssyni, kr. 16.025.00 með 7% ársvöxtum frá 16. desember 1954 til greiðsludags, kr. 116.00 í afsagnarkostnað, kr. kr. 40.40 í stimpilkostnað, 1/3% fjárhæðarinnar í þóknun og kr. 1735.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 11. febrúar 1957.

Nr. 4/1956. **Magnús Thorlacius** (sjálfur)

gegn

**Bengtú Andersen** (Ólafur Þorgrímsson hrl).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Krafa niður fallin vegna tómlætis.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. janúar 1956. Hann krefst sýknu og málskostnaðar af stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Stefndi fékk hinn 12. febrúar 1951 í hendur reikning áfrýjanda, þar sem glögg er greint, hverja þóknun áfrýjandi hafði reiknað sér fyrir málflutningsstörf, sem lýst er í héraðsdómi. Jafnframt veitti stefndi viðtöku og kvittaði fyrir